

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Egilsstaðaskóla

Skólaárið 2024-2025

Starfsár nýrrar stjórnar hófst að loknum síðasta aðalfundi sem haldinn var 14. nóvember 2024. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn: Lilja Rut Arnardóttir formaður, Bergrún Hafsteinsdóttir ritari. Jóna Bergrós Gunnlaugardóttir gjaldkeri, Borgþór Geirsson meðstjórnandi og fulltrúi í foreldraráði, Gyða Dögg Sigurðardóttir varamaður og Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir varamaður. Samskipti fóru einkum fram í gegnum samskiptamiðla (lokaður hópur á facebook og messenger). Bergrún þurfti að segja sig frá stjórnarstörfum og því kom Berglind Hönnudóttir inn í hennar stað.

Á aðalfundinum kom fram bág fjárhagsstaða félagsins þar sem ekki allir hafa greitt félagsgjöldin. Foreldrar sem mættir voru á fundinn og voru bekkjartenglar brugðust skjótt við og nýttu tengsl sín til að minna á að greiða gjalið og við það batnaði fjárhagur félagsins og auðvelt var að undirbúa jólaföndrið, en venju samkvæmt voru helstu verkefni skólaársins undirbúningur jólaföndurs og öskudagsskemmtunar.

Jólaföndrið var haldið 28. nóvember og auglýst með tölvupósti til foreldra/forsjáraðila og í tenglahópum bekkjanna á samfélagsmiðlum. Var óskað eftir aðstoð við föndrið og gekk vel að manna þær föndurstöðvar sem boðið var upp á og var vel mætt á jólaföndrið.

9. bekkingar sá um sölu kaffiveitinga þar sem ágóðinn rann í ferðasjóð þeirra og nokkrir nemendur í tónlistaskólanum buðu upp á tónlistaratriði og sapaðist skemmtileg kaffihúsastemning í matsalnum. Boðið var upp á eftirfarandi föndurstöðvar: laufabrauðsgerð, jólaávexti, mandarínuskreytingar, piparkökumáln, undraheim pappírsins og jólasveina- og snjókarlagerð.

Stjórnin reyndi að efla samskipti við tengla (foreldra) í bekkjunum og var því stofnaður facebook hópur með stjórn foreldrafélagsins og bekkjatenglum. Einnig stóð til að fá fræðslu frá heimili og skóla á starfsárinu bæði fyrir tengla um tenglastarfið og almennt fyrir

foreldra um farsældarsáttmála og var búið að setja dagsetningu á skóladagatal, en vegna veikinda hjá fyrirlesara varð að aflýsa fræðslunni að sinni, þar sem fresta varð aðalfundi líka var ákveðið að slá fræðslufundinum og aðalfundinum saman.

Stjórnin reyndi að hafa meiri fyrirsjáanleika í starfinu með því að setja inn dagsetningar fyrir fræðslufund, aðalfund og jólaföndur í skóladagatalið, því miður varð að fresta fundunum, en allt útlit er fyrir að jólaföndrið haldi sinni dagsetningu.

Öskudagurinn fór einnig fram með hefðbundnu sniði. Útbúin var tunna með góðgæti í og fengu börnin að slá köttinn úr tunnunni í íþróttahúsinu, en húsvörður skólans aðstoðaði við frágang. Foreldrar úr yngstu bekkjunum aðstoðuðu á skemmtuninni í íþróttahúsinu.

Enn er styrk sem félagið fékk úr samfélagssjóð Alcoa óráðstafað þar sem upphæðin dugar ekki fyrir allri framkvæmd verkefnisins, en verið er að vinna að útfærslu í samstarfi milli skóla og sveitafélags.

Útlit er fyrir einhverjar mannabreytingar í stjórn félagsins þar sem einhverjir í stjórn gefa ekki kost á sér áfram.

Stjórn 2024-2025

Lilja Rut Arnardóttir formaður,

Berglind Hönnudóttir ritari,

Jóna Bergrós Gunnlaugardóttir gjaldkeri,

Borgþór Geirsson meðstjórnandi og fulltrúi í foreldraráði,

Gyða Dögg Sigurðardóttir varamaður og

Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir varamaður.